

Hestamannafélagið Kjóavöllum

10. fundur, haldin miðvikudaginn 28.11.2012 kl. 16:30 í félagsaðstöðu Hattarvöllum 1.

Mætt til fundarinnis voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hermann Vilmundarson og Halldór H. Halldórsson.

SS surði hvort einhver viðstaddra hefði samþykktir fyrir Kjóavelli ehf, svo var ekki. ÞS mun nálgast þær fyrir næsta fund, í framhaldi þarf að skipta um stjórn í félaginu, einnig þarf að kalla eftir uppgjöri félagsins 2011 og halda aðalfund þess 2012.

1. SS lýsti ánægju með fund verkefnisstjórnar sl. mánudag, en að sama skapi áhyggjum yfir væntanlegri nýrri byggingareglugerð sem tæki gildi um nk. áramót. Hugsanlega eru reiðhallaframkvæmdir í uppnámi vegna þessa og gæti þýtt um 10% hækkun á samningsupphæð. Að sögn Gísla Norðdal þá mun það væntanlega skýrast um helgina. Sú staða er kominn upp eftir yfirlegu og útreikninga JÁ verks að áhorendapallar muni einungis rúma 620 manns í sæti í stað 850 samkvæmt Sveini Ívarssyni. Skýringar þarf að fá á þessu misræmi. SS lagði fram afrit að bréfi frá lögfr. Sveins Ívarssonar til JÁ verks þar sem arkitektar JÁ verks, ASK arkitektar, eru sakaðir um að nota teikningar Sveins í leyfisleysi.
2. Bæjarstjórn Kópavogs hefur staðfest yfirlýsinguna milli sveitarfélaganna og hestamannafélaganna sem undirrituð var 12. nóv. sl. Fulltrúar Samfylkingar þau Guðríður og Hafsteinn gerðu þær bókanir á fundi bæjarstjórnar að bygging stærstu reiðhalla landsins væri sérstakt gæluverkefni meirihluta og sett í forgang, fram yfir stuðning við fátæklinga bæjarinnis, (þá sem höllustum fæti standa).

Ástæða er fyrir stjórn HK að bregðast við þessu viðhorfi Samfylkingarinnar.

3. Rætt um afsal fyrir dómþalli á Gladhéimasvæðinu og flutning á honum upp á Kjóavelli. Upplýst var að um 600 kr. sparadist á m3 við flutning á efni úr götum af Gladhéimasvæðinu í fyllingar á Kjóavöllum og gæti numið samt. um 2,5 – 3.0 m.kr.
4. GH er búin að leggja fyrir Árna í Arion áætlun um greiðslutilhögun næsta árs u.þ.b. 100 m.kr. gat myndast í ág. sept. okt. von er á minnisblaði frá lánanefnd Arionbanka vegna þessa.
5. Kalla þarf saman nefndir til starfa strax þ.e. Umhverfis- og Laganefndir. Gera þarf rekstraráætlun fyrir svæðið og markaðsetja reiðhöllina. Rætt um UMSK aðild og aðgengi að félagskerfinu Felix sem myndi þá opna gáttir inn á Sport- og Worldfeng. HV og SS sjá um það. ÞS ýtir við Oddi varðandi heimasíðu Kjóavalla. IGG setur sig í samband við girðingahaldara við og á reiðvegi út frá reiðhöll um að fjarlægja þær tafarlaust. Gjaldkeri HK þarf að ganga í að endurnýja samninga um rekstur fjarskiptamasturs á reiðhöll (Síminn). Einnig endurnýja samninga við þá sem eiga auglýsingaskilti í reiðhöllinni, þá eru samningar við Vífilfell lausir. Umræður urðu um bikara sem veittir hafa verið á mótum félaganna, æskilegt að allir bikarar Gusts og Andvara verði til varðveislu í nýrri reiðhöll að Hestheimum og að nýir komi til sögunnar hjá nýju félagi. Ramma þarf inn fastar reglur um alla bikara félagsins.

Rætt um að formenn nefnda komi á næsta stjórnarfund til skarfs og ráðagerðar.

GH vék af fundi kl. 17:20. Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 17:55

Fundarritun. Halldór H. Halldórsson